



Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir

# Óákveðni nemenda við námsval í framhaldsskóla og skuldbinding þeirra gagnvart námi og skóla

► Um höfunda ► Efnisorð

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna tengsl á milli óákveðni nemenda við námsval í framhaldsskóla (e. *career indecision*) og skuldbindingar þeirra gagnvart námi og skóla (e. *student engagement*). Óákveðni nemenda er annars vegar metin með tilliti til óvissu þeirra um þá námsbraut sem þeir völdu í framhaldsskóla og hins vegar hvort og hve oft þeir höfðu íhugað að skipta úr bóknámi í starfsnám eða úr starfsnámi í bóknám. Þessi rannsókn er hluti af langtímarannsókninni *Námsframvinda nemenda og skilvirkni framhaldsskóla* sem hófst árið 2007 og náði til allra framhaldsskóla landsins. Þátttakendur í henni voru 1.780 nemendur á aldrinum 16 til 18 ára á bóknáms- og starfsnámsbrautum.

Niðurstöður fjölbreytuaðhvarfsgreiningar benda til þess að óákveðni við námsval í framhaldsskóla spái fyrir um hegðunarlega, tilfinningalega og vitsmunalega skuldbindingu nemenda. Eftir því sem nemendur voru óvissari um námsval sitt, því meiri var neikvæð námshegðun þeirra, því minna samsömuðu þeir sig skólanum og því minni var metnaður þeirra og framtíðarsýn óljósari. Þessar niðurstöður komu fram að teknu tilliti til kyns, aldurs, menntunar foreldra, fyrri námsárangurs og hvort nemendur voru á bóknáms- eða starfsnámsbrautum í framhaldsskóla. Jafnframt sýndu niðurstöður að því oftast sem nemendur höfðu íhugað að skipta úr bóknámi yfir í starfsnám, því minna samsömuðu þeir sig við skólann og því minni metnað og óljósari framtíðarsýn höfðu þeir.

Niðurstöðurnar eru í samræmi við rannsóknir sem benda til mikilvægis þess fyrir námsframvindu nemenda að þeir ígrundi námsval sitt vel og velji nám í samræmi við áhugasvið. Höfundar fundu ekki sambærilega rannsókn á tengslum óákveðni við námsval og skuldbindingar gagnvart námi og skóla og því eru niðurstöðurnar mikilvæg viðbót við rannsóknir tengdar námsframvindu nemenda. Niðurstöðurnar renna stoðum undir mikilvægi náms- og starfsráðgjafar við að aðstoða ungmenni til að taka ígrundaðar ákvarðarnir um námsval.

## Career indecision and student engagement in upper secondary school

### ► About the authors ► Key words

Adolescence is a period of transition from childhood to adulthood and is significant to the later course of the person's life not least with respect to school success and later career options. During this period, young people have to take numerous important decisions about their education. In Iceland, where this study was conducted, the adolescents choose their line of study for the first time at the end of compulsory school (at age 16), when entering upper secondary level. Even though most students proceed directly to upper secondary school, after completing compulsory education, school dropout is more common in Iceland than in many other OECD countries. Among explanations given for Iceland's high dropout rates is societal emphasis on general rather than vocational education, which seems to influence many students into making apparently non-intuitive educational decisions. Many choose academic tracks, despite having deeper interest in vocational subjects which may affect students to disengage from their studies and school and eventually drop out (Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Anne-Christine Tannhäuser, 2011). However, there seems to be a lack of studies focusing on the association between adolescents' career indecision and their engagement.

The aim of this study is to explore the relationship between students' career indecision and their engagement in their study and school at upper secondary level. Indecision was evaluated with regard to students' career uncertainty on the one hand, and how often they had thought of changing their line of study from either an academic to a vocational track, or from a vocational to an academic track, on the other. This study is part of a larger, ongoing longitudinal study among all Icelandic upper secondary schools: Student progress and school effectiveness. The focus is on 1.780 students who at the age of 16 to 18 participated in a survey in 2007.

The findings of multiple regression indicate that students' career indecision predicts their behavioral, emotional and cognitive engagement. The more uncertain students were about their educational choice at upper secondary school: the more negative academic behavior they showed; the less they identified with school; and the less ambitious they were and the less clear they were about their future goals. These findings remained pronounced even after we took into account the influential factors of students' background (age, gender, and parents' education), previous academic achievement, as well as students' line of study (academic vs. vocational) at upper secondary school. Furthermore, the more often the students on academic tracks had considered changing to vocational tracks, the less they identified with school and the less ambitious and clear they were about their future goals (controlling for background, previous academic achievement and line of study).

In addition, males were less engaged, showed more negative academic behavior, were less ambitious and had less clear future goals than females. This is in line with previous studies (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2012; Wang og Eccles, 2012). Disengagement has been one of the main explanations provided in the literature on males' higher rate of school dropout (see Jackson, 2002). Moreover, the older the students were, the more negative academic behavior they showed and the less they identified with school. Furthermore, the lower students' academic achievement on standardized tests at the end of compulsory school (age 15), the lower their ambition and the less clear their future goals. This general pattern of disengagement with youth's increasing age and among students with low academic achievement is in line with findings from other studies (Fredricks, Blumenfeld og Paris, 2004; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Wang og Eccles, 2012).

The main finding of our study, that adolescents' career indecision relates to their disengagement towards their studies and school, is important, as student engagement is related to educational outcomes, such as academic achievement and school dropout, for student engagement is considered vital to educational success (Finn, 1993; Finn og Rock, 1997; Rumberger, 1995). Furthermore, student engagement seems to be amenable to prevention and intervention efforts (Finn og Rock, 1997). Fostering student engagement is central to many prominent dropout prevention and intervention efforts (Christenson og Reschly, 2010; Dynarski o.fl., 2008). Researchers have explored many risk and protective factors for student engagement in the family and school environment. Our findings indicate the importance of supporting adolescents to take intuitive educational decisions at upper secondary school level, to foster their engagement to their studies and school and thereby increase the chance that they will complete upper secondary education.

## Inngangur

Þrátt fyrir að langflestir nemendur hér á landi fari í framhaldsskóla að loknum grunnskóla (um 95%) heilt margir þeirra úr lestinni. Brotthvarf frá námi á framhaldsskólastigi er meira hér á landi en í nágrannaríkjunum og flestum öðrum OECD löndum (Hagstofa Íslands, e.d.-a; mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012) og hefur haldist nokkuð stöðugt um árabil. Um það bil 40% árgangsins sem fæddist 1975 hafði ekki lokið námi við 24 ára aldur og eru það sambærilegar niðurstöður og fyrir árgangana sem fæddust 1969 og 1982 (Hagstofa Íslands, 2008; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Þar að auki ljúka færri framhaldsskólanámi á tilskildum tíma hér á landi (það er innan fjögurra ára frá upphafi náms á Íslandi) en í flestum OECD-löndunum (Hagstofa Íslands, 2012a). Í ljósi aukinnar áherslu á menntun í samfélaginu eru þau ungmenni sem ekki ljúka framhaldsskóla að mörgu leyti verr stödd nú en áður fyrr. Rannsóknir benda til þess að brotthvarf hafi svipaðar neikvæðar afleiðingar í mismunandi löndum bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið. Ungt fólk sem hverfur frá námi á til dæmis minni möguleika á vinnumarkaði, fær verr launuð störf, á frekar á hættu að verða atvinnulaust og tekur minni þátt í símenntun (European Commission DG EAC, 2005; OECD 2001, 2012; Owens, 2004).

Í ljósi mikils og viðvarandi brotthvarfs frá námi í framhaldsskóla á Íslandi er mikilvægt að greina vel stöðuna og kanna hvaða þættir geta legið að baki þeirri ákvörðun svo margra nemenda að hætta í námi. Meðal ástæðna sem taldar hafa verið fyrir miklu brotthvarfi hér á landi er lítt ígrundað námsval nemenda og áhersla á bóknám í samfélaginu (Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Anne-Christine Tannhäuser, 2011). Sérstaða liggur meðal annars í því að nemendur á framhaldsskólastigi velja mun sjaldnar starfsnám hér á landi en jafnaldrar þeirra í öðrum löndum OECD (OECD, 2012). Rannsóknir gefa vísendingar um að lítt ígrundað námsval nemenda geti verið ein af margvíslegum ástæðum fyrir brotthvarfi frá námi (Ryan og Deci, 2000; Scheel og Gonzalez, 2007; Tinto, 1993).

Skuldbinding nemenda gagnvart námi og skóla er lykilhugtak í kenningum um brotthvarf. Lítið er á það sem ferli sem lýsir sér í því að nemendur verða smám saman afhuga námi og skóla (Finn, 1989); skólinn höfði ekki nægilega til þessara nemenda, þeir taki lítinn þátt í námi og félagslífi skólans, sjái ekki tilgang með náminu, skorti metnað og framtíðarsýn og samsami sig ekki skólanum. Niðurstöður benda til að skuldbinding nemenda tengist námsárangri og brotthvarfi þeirra frá námi (Alexander, Entwisle og Kabbani, 2001; Finn, 1993; Rumberger, 1995). Tilgangur þessarar rannsóknar er því að beina sjónum að þeim þáttum sem geta ýtt undir skuldbindingu nemenda.

Meginmarkmið þessarar rannsóknar er að kanna tengsl óákveðni nemenda við námsval í framhaldsskóla og skuldbindingar þeirra gagnvart námi og skóla. Tengslin eru metin að teknu tilliti til bakgrunns nemenda, það er kyns, aldurs og menntunar foreldra, fyrri náms-

árangurs og hvort nemendur voru í bóknámi eða starfsnámi. Skortur virðist á rannsókn-um á þessu sviði en höfundum tókst ekki að finna sambærilega rannsókn. Þá er rétt að benda á að mat á skuldbindingu byggir á þremur meginvæddum, það er hegðunarlegri, tilfinningalegri og vitsmunalegri. Það hefur einmitt verið gagnrýnt hve fáar rannsóknir taki tillit til þess hve margþætt skuldbinding er (Fredricks, Blumenfeld og Paris, 2004).

### **Skuldbinding nemenda gagnvart námi og skóla**

Margir nemendur virðast ekki taka virkan þátt í námi eða félagslífi skóla. Þeir sjá lítinn tilgang með náminu, finnst það ekki merkingarþætt og samsama sig ekki skólanum (Fredricks o.fl., 2004). Að auki virðist skuldbinding nemenda almennt minnka á unglingsárum (Eccles o.fl., 1993; Wang og Eccles, 2012). Niðurstöður PISA leiddu í ljós að einn af hverjum fjórum 15 ára nemendum í OECD-löndunum fannst hann ekki tilheyrja skólanum og einn af hverjum fimm tók lítinn þátt í skólalífinu (Willms, 2003). Í rannsóknum hér á landi kom fram að námsleiði og áhugaleysi voru helstu ástæðurnar sem nemendur gáfu fyrir að hætta í framhaldsskóla (Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 1992; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002).

Skortur á skuldbindingu nemenda gagnvart námi og skóla er áhyggjuefni því skólinn er stór hluti af daglegu lífi flestra ungmenna. Þar að auki benda niðurstöður rannsókna til þess að skuldbinding nemenda skipti miklu um námsgengi þeirra (Alexander o.fl., 2001; Finn, 1993; Rumberger, 1995). Til að ýta undir gott námsgengi nemenda er áhersla lögð á að styrkja skuldbindingu þeirra gagnvart námi og skóla í forvörnum gegn brotthvarfi og í vinnu með nemendum sem eiga á hættu að hverfa frá námi (Christenson og Reschly, 2010; Dynarski o.fl., 2008). Auðveldara virðist að styrkja skuldbindingu nemenda heldur en ýmsa aðra sálfélagslega þætti sem unnið hefur verið með í forvörnum gegn brotthvarfi, svo sem sjálfssálit nemenda (Finn og Rock, 1997).

Skuldbinding nemenda gagnvart námi og skóla er margþætt hugtak sem skipta má í þrjár víddir samkvæmt samantekt Fredricks og félaga (2004) á rannsóknum á sviðinu. Þær eru hegðunarleg, tilfinningaleg og vitsmunaleg skuldbinding. Hegðunarleg skuldbinding (e. *behavioral engagement*) birtist í skólahegðun nemenda, virkni í námi og þátttökui í námi og félagslífi skólans. Nemandi tekur virkan þátt í skólastofunni, mætir í kennslustundir, sinnir heimanámi, fylgir skólareglum og tekur þátt í félagslífi skólans. Nemandi sem hefur litla hegðunarlega skuldbindingu mætir of seint, skrópar, sinnir ekki heimanámi, sýnir truflandi hegðun og tekur lítinn þátt í kennslustundum (Appleton, Christenson, og Furlong, 2008; Fredricks o.fl., 2004).

Tilfinningaleg skuldbinding (e. *emotional engagement*) vísar til jákvæðra og neikvæðra tilfinningalegra viðbragða nemenda gagnvart námi, samnemendum, starfsfólki skólans og skólanum almennt. Nemandi sem er tilfinningalega skuldbundinn skólanum hefur áhuga á náminu, líkar vel við samnemendur og kennara, finnst hann hluti af nemendahópnum og samsamar sig skólanum. Skortur á tilfinningalegri skuldbindingu lýsir sér meðal annars í námsleiða og neikvæðu viðhorfi til nemenda og starfsfólks skóla (Appleton o.fl., 2008; Fredricks o.fl., 2004).

Vitsmunaleg skuldbinding (e. *cognitive engagement*) birtist í vilja nemenda til að leggja sig fram og ná langt í námi. Skuldbindingin birtist í því að nemendur vilja fást við ögrandi verkefni, eru tilbúnir til að til að gera meira en ætlast er til og setja sér háleit markmið. Þeir vinna jafnframt vel undir álagi og gefast ekki upp þótt á móti blási (Appleton o.fl., 2008; Fredricks o.fl., 2004). Rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæð tengsl allra þriggja undirþátta skuldbindingar við námsárangur og námsframvindu nemenda (Fredricks o.fl., 2004; Rumberger, 1995, 2001; Rumberger og Lim, 2008).

## Óákveðni nemenda við námsval

Við skilin á milli grunnskóla og framhaldsskóla verða stór kaflaskipti í starfsferilsþróun ungmenna (Gerður G. Óskarsdóttir, 2012). Skólaskyldu lýkur og unglíngurinn stendur frammi fyrir vali um nám og skóla á nýju skólastigi. Þótt langflestir fari í framhaldsskóla hætta margir námi og stór hluti hættir á fyrstu árum framhaldsskólans. Það getur meðal annars stafað af því að hluti nemenda sé óákveðinn við námsvalið, hafi ekki ígrundað það nægilega vel og mögulega ekki fundið áhuga sínum og gildum farveg í námi (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Ryan og Deci, 2000; Scheel og Gonzalez, 2007; Tinto, 1993).

Niðurstöður benda til að óákveðni einstaklinga við náms- og starfsval (e. *career indecision*) stafi einna helst af skorti á upplýsingum um nám og störf, óljósri sjálfsmýnd, erfiðleikum við ákvarðanatöku og valkvíða (Anna Ósk Ómarsdóttir, 2011; Brown og Rector, 2008; Kelly og Lee, 2002). Óákveðni við námsval getur bæði komið fram á þann hátt að nemendur eigi erfitt með að velja nám en einnig að nemendur séu óvissir (e. *career uncertainty*) um þá námsleið sem þeir völdu (Foley, Kelly og Hartman, 2006).

Í íslenskum framhaldsskólum er boðið upp á um 100 námsbrautir og eru um 80 þeirra starfsnámsbrautir (Kristjana Stella Blöndal, o.fl. 2011). Þegar horft er til þessara fjölbreyttu námsmöguleika sem nemendum standa til boða að loknum grunnskóla er ekki að undra að margir reynast óákveðnir við náms- og starfsval. Í kenningu sinni bendir Krumboltz (1998) á að þrátt fyrir að ákvörðun um nám reynist mörgum nemendum mikil áskorun þurfi sú upplifun að vera óákveðinn við námsvalið ekki endilega að vera neikvæð, heldur geti það þýtt að nemendur séu með opinn huga varðandi framtíð sína. Linda Gottfredson (2005) bendir þó á að við breytingar á námsferli, til dæmis þegar nemendur standa frammi fyrir vali, líkt og á mörkum skólastiga, geti óákveðni þeirra leitt til neikvæðra tilfinninga. Í rannsókninni *Námsframvinda nemenda og skilvirkni framhaldsskóla* sem náði til allra framhaldsskóla landsins, og þessi rannsókn er hluti af, kom fram að þriðjungur 16 til 18 ára nemenda taldi sig þurfa ráðgjöf um námsval. Bent hefur verið á að þrátt fyrir að margir nemendur virðist hafa áhuga á starfsnámi hér á landi leggi hlutfallslega fáir stund á starfsnám<sup>1</sup> samanborið við nágrannalöndin og önnur OECD-lönd (Hagstofa Íslands, 2012b; OECD, 2012). Í rannsókn Svanhildar Svavarsdóttur (2010) meðal nemenda í 10. bekk kom fram að þrátt fyrir að helmingi nemenda líkaði betur við verklegt nám en bóklegt stefndi einungis fimmtungur þeirra á starfsnám í framhaldsskóla. Niðurstöður í rannsókn Jóns Torfa Jónassonar og Kristjönu Stellu Blöndal (2002) á námsgengi árgangsins 1975 leiddu í ljós að um 40% líkaði betur við verklegt nám en bóklegt í grunnskóla. Þessar niðurstöður eru athyglisverðar í ljósi þess hve fáir þeirra sem höfðu lokið framhaldsskóla 24 ára útskrifuðust úr starfsnámi eða um þriðjungur útskrifaðra nemenda. Jafnframt kom fram að samanborið við þá sem líkaði betur við bóklegt nám hafði mun lægra hlutfall þeirra sem líkaði betur verklegt nám útskrifast við 24 ára aldur að teknu tilliti til fyrri námsárangurs, viðhorfa nemenda til náms og stuðnings foreldra (Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2003). Ofangreindar niðurstöður benda til ósamræmis á milli áhuga og námsvals þó nokkurs hóps framhaldsskólanemenda sem virðist ýta undir líkur á brotthvarfi þeirra frá námi.

Í kenningum sínum um þróun náms- og starfsferils leggja Donald Super (1980) og Linda Gottfredson (2005) áherslu á hvernig ákvarðanatöku einstaklinga um nám og störf þróast alla ævi, allt frá barnæsku. Samkvæmt kenningu Super (1957, 1980) er ekki óeðlilegt að ungmenni á fyrstu árum framhaldsskólans séu óákveðin við námsval sitt. Í kenningunni

<sup>1</sup> Flokkunin miðast við *ÍSNAÐ2008*, flokkunarkerfi Hagstofu Íslands sem byggir á alþjóðlegu flokkunarkerfi menntunar, *ISCED97*. Starfsnám er flokkað sem nám á framhaldsskólastigi sem leiðir beint til starfa á vinnu- markaði eða til frekara náms á sama stigi. Undir starfsnám flokkast því meðal annars iðnnám, listnám og styttri námsbrautir sem leiða til starfa, til dæmis sjúkraliðabraut og viðskiptabraut (Hagstofa Íslands, e.d.-b).

Lýsir hann þeim þrepum sem einstaklingar fara í gegnum við ákvarðanatöku um náms- og starfsval og eru ungmenni á aldrinum 15–25 ára alla jafna talin á könnunarþrepi. Á þessum árum þróast náms- og starfstengdur áhugi og nemendur velta fyrir sér hvert þeir stefna í lífinu. Til að einstaklingur geti tekið ígrundaðar ákvarðanir er mikilvægt að hann fari í gegnum sjálfskoðun, kynni sér nám og störf sem í boði eru og tengi möguleikana við eigin áhuga, styrkleika og veikleika, viðhorf og gildi (Sharf, 2010). Talið er að náms- og starfsfræðsla geti stuðlað að því að nemandi taki ígrundaða ákvörðun varðandi náms- og starfsval sem sé grunnur að farsælum náms- og starfsferli (Alþingi, 2008; forsætisráðuneytið, 2012; menntamálaráðuneytið, 1998, 2007; OECD, 2004; Þingskjal nr. 42/2006-2007). Rannsóknir Guðbjargar Vilhjálmisdóttur (2000, 2007, 2010) benda til þess að náms- og starfsfræðsla í grunnskóla eigi þátt í að efla ákvarðanatökuhæfni nemenda þegar kemur að því að velja nám á framhaldsskólastigi. Niðurstöður benda jafnframt til þess að nemendur sem velja nám í samræmi við framtíðarmarkmið um áframhaldandi nám og störf, séu líklegri til að sjá tilgang með náminu og hafi jákvæðara viðhorf til skólans (Ryan og Deci, 2000; Scheel og Gonzalez, 2007; Tinto, 1993). Samkvæmt rannsókn Scheel og Gonzalez (2007) þurfa framtíðarmarkmiðin ekki endilega að vera mjög nákvæm og miða að ákveðnu starfi, heldur þurfa þau að vera þannig að nemendur sjái tilgang með náminu og tengi mikilvægi þess við áframhaldandi nám eða framtíðarstörf.

## Markmið

Í ljósi framangreindrar umfjöllunar um mikilvægi ígrundaðs námsvals ungmenna og skuldbindingar þeirra gagnvart námi og skóla fyrir námsframvindu nemenda verður sjónum beint að tengslum óákveðni við námsval og skuldbindingar þeirra. Með óákveðni við námsval er hér bæði vísað til óvissu nemenda um námsval sitt í framhaldsskóla og hve oft nemendur höfðu íhugað að skipta úr bóknámi yfir í starfsnám eða úr starfsnámi yfir í bóknám. Settar eru fram eftirfarandi rannsóknarspurningar:

1. Spáir óvissa nemenda um námsval sitt í framhaldsskóla fyrir um hegðunar-, tilfinninga- og vitsmunalega skuldbindingu þeirra gagnvart námi og skóla?

Forspáin er metin að teknu tilliti til bakgrunns nemenda og fyrri námsárangurs, hvort þeir séu í bóknámi eða starfsnámi og hvort þeir hafi íhugað að skipta úr bóknámi í starfsnám eða úr starfsnámi í bóknám.

2. Spáir það, hvort framhaldsskólanemendur hafi íhugað að skipta úr bóknámi yfir í starfsnám, eða úr starfsnámi yfir í bóknám, fyrir um hegðunar-, tilfinninga- og vitsmunalega skuldbindingu þeirra gagnvart námi og skóla?

Forspáin er metin að teknu tilliti til bakgrunns þeirra og fyrri námsárangurs, hvort þeir séu í bóknámi eða starfsnámi og óvissu þeirra um námsval sitt.

## Aðferð

### Þátttakendur

Rannsóknin byggir á gögnum úr langtímarannsókn Jóns Torfa Jónssonar og Kristjönu Stelli Blöndal sem ber heitið *Námsframvinda nemenda og skilvirkni framhaldsskóla*. Spurningalisti var lagður fyrir nemendur í öllum framhaldsskólum landsins, vor og haust árið 2007. Tekið var tilviljunarúrtak bekkja eða áfanga í hverjum skóla, á hverju námsári. Í stærri skólum voru tveir hópar á hverju námsári valdir, en einn hópur var valinn í minni skólum. Í fámennum skólum var allur skólinn í úrtakinu. Skólum í millistærð var tilviljunarkennt skipt upp á þann veg að í um það bil helmingi tilvika voru valdir tveir hópar á námsári og einn hópur á námsári í hinum helmingi skólanna. Í skólum þar sem bæði var boðið upp á bók- og starfsnám var valinn einn hópur úr hvorum flokki, á hverju námsári. Í skólum þar sem boðið var upp á almennar deildir eða þar sem var nokkur fjöldi nýbúa var

tekið viðbótarúrtak til þess að ná til þessara nemenda. Í heildina svöruðu 3.990 nemendur listanum og var svarhlutfallið 76%. Þessi rannsókn nær til allra nemenda í úrtakinu sem voru á 16. til 18. ári (fædd 1989–1991) og voru í bók- eða starfsnámi þegar fyrirlögn fór fram. Um er að ræða 1.780 nemendur, 838 (47%) piltar og 942 (53%) stúlkur. Mikill meirihluti þátttakenda var í bóknámi, eða 83% svarenda, og 17% voru í starfsnámi.

## Framkvæmd

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hafði umsjón með framkvæmd könnunarinnar. Í desember 2006 var rannsóknin kynnt fyrir skólastjórnendum allra framhaldsskóla landsins og óskað eftir þátttöku þeirra. Allir skólarnir samþykktu þátttöku og gagnasöfnun fór fram frá febrúar fram í nóvember 2007.

Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar. Foreldrum þeirra nemenda sem ekki höfðu náð sjálfræðisaldri (yngri en 18 ára) var sent bréf þar sem óskað var eftir þátttöku barna þeirra í rannsókninni. Þeir foreldrar sem samþykktu ekki að barnið þeirra tæki þátt voru beðnir um að hafa samband við Félagsvísindastofnun. Alls óskuðu foreldrar 22 barna eftir því að þeirra börn tækju ekki þátt í rannsókninni. Spurningalistinn var lagður fyrir alla nemendur í úrtaksbekkjum eða áföngum sem mættir voru í þá kennslustund þegar könnunin var lögð fyrir. Fyrirleggjendur fylgdu stöðluðum leiðbeiningum um fyrirlögn. Útskýrt var fyrir nemendum að þeim bæri hvorki skylda til að svara listanum í heild sinni né einstökum spurningum hans.

## Mælitæki

Þessi rannsókn beindist að skuldbindingu nemenda gagnvart námi og skóla, óvissu þeirra um námsval sitt í framhaldsskóla og hvort þeir höfðu íhugað að skipta yfir í starfsnám eða bóknám. Einnig var spurt um bakgrunn nemenda (kyn, aldur og menntun foreldra). Þá voru notaðar upplýsingar um einkunnir á samræmdum lokaprófum í 10. bekk sem fengnar voru hjá Námsmatsstofnun og upplýsingar frá framhaldsskólunum um námsbraut nemenda.

Framkvæmd var leitandi þáttgreining (e. exploratory factor analysis) á 18 atriðum um óvissu nemenda um námsval í framhaldsskóla og um skuldbindingu þeirra gagnvart námi og skóla. Niðurstöður þáttgreiningar leiddu í ljós fjóra þætti, það er óvissu um námsval og hegðunarlega, tilfinningalega og vitsmunalega skuldbindingu sem er í samræmi við samantekt Fredricks og féлага (2004) á meginþáttum skuldbindingar (sjá *Töflu 1*).

*Hegðunarleg skuldbinding* var mæld með neikvæðri námshegðun og vísar til lítillar þátttöku nemenda í námi (Fredricks o.fl., 2004). Neikvæð námshegðun var mæld með fimm atriðum, til dæmis „Ég fresta verkefnum fram á síðustu stundu“ og „Ég er illa undirbúin(n) fyrir kennslustundir“. Atriðin voru mæld á fimm punkta kvarða, frá „Aldrei“ til „Alltaf“.

*Tilfinningaleg skuldbinding* var metin með tilliti til samsömunar nemenda við skólann sem vísar til líðan nemenda í honum og tengsla þeirra við hann (Fredricks o.fl., 2004). Samsömun við skóla var mæld með fjórum atriðum, til dæmis „Mér líður vel þegar ég er í skól-anum“ og „Ég er ánægð(ur) með skólann sem ég er í“. Atriðin voru mæld á fimm punkta kvarða, frá „Mjög sammála“ til „Mjög ósammála“.

*Vitsmunaleg skuldbinding* var metin með vísan í metnað og framtíðarsýn nemenda (Fredricks o.fl., 2004) og samanstóð af fjórum atriðum. Dæmi um atriði eru „Mér finnst mikilvægt að fá háar einkunnir“ og „Mér finnst líklegt að ég haldi áfram námi eftir framhaldsskóla“. Atriðin voru mæld á fimm punkta kvarða, frá „Mjög sammála“ til „Mjög ósammála“. Mælingar fyrir skuldbindingu voru kóðaðar á þá leið að því hærra gildi, því meiri neikvæð námshegðun, því meiri samsömun við skóla og því meiri metnaður og skýrari framtíðarsýn.

Óvissa um námsval í framhaldsskóla var mæld með fimm atriðum. Dæmi um atriði eru „Ég er sannfærð(ur) um að ég hef valið rétta námsbraut“ og „Mér finnst vanta námsbraut /deild sem hentar mér“. Atriðin voru ýmist mæld á fimm punkta kvarða, frá „Mjög sam- mála“ til „;Mjög ósammála“ eða á tvíkosta kvarða „Já“ eða „Nei“. Til að öll atriðin væru metin á sama kvarða voru breytturnar staðlaðar með tilliti til fjölda svarmöguleika.

Íhugað að skipta yfir í starfsnám/bóknám. Nemendur í bóknámi voru spurðir hve oft þeir hefðu velt því fyrir sér að skipta yfir í iðn-, list- eða starfsnám (sem hér er flokkað sem starfsnám) og nemendur í starfsnámi voru spurðir hve oft þeir hefðu velt því fyrir sér að skipta yfir í bóknám. Svarmöguleikar voru fimm, frá „Aldrei“ til „Mjög oft“. Fyrir aðhvarfsgreiningu voru búnar til vísibreytur fyrir hvort nemendur höfðu íhugað að skipta í bóknám eða í starfsnám. Nemendur sem ekki höfðu íhugað að skipta um námsleið voru bornir saman við þá sem annars vegar voru í bóknámi og höfðu íhugað að skipta í starfsnám og hins vegar við þá sem voru í starfsnámi og höfðu íhugað að skipta í bóknám.

Menntun foreldra. Spurt var um menntun móður og föður og voru svarmöguleikarnir fimm: „Grunnskólapróf eða annað skyldunám“, „lönnám eða annað starfsnám“, „Bóklegt fram- haldsskólapróf“, „Háskólapróf“ og „Önnur menntun“. Í þessari rannsókn er stuðst við menntun þess foreldris sem hafði meiri menntun ef um mismunandi menntastig var að ræða. Breytunni var skipt í þrjú flokka, „Grunnskólapróf eða annað skyldunám“, „Nám á framhaldsskólastigi“ og „Nám á háskólastigi“. Fyrir aðhvarfsgreiningu voru búnar til vísi- breytur fyrir menntun foreldra. Nemendur foreldra með háskólapróf voru bornir saman við þá sem annars vegar áttu foreldra með grunnskólapróf og hins vegar við þá sem áttu for- eldra með framhaldsskólapróf.

Fyrri námsárangur nemenda er byggður á einkunnum á samræmdum lokaprófum 10. bekkjar í íslensku og stærðfræði. Upplýsingar um einkunnir nemenda voru fengnar frá Námsmatsstofnun. Einkunnirnar eru normaldreifðar á bilinu 0 til 60. Í þessari rannsókn var fundið meðaltal einkunna í íslensku og stærðfræði.

## Tölfræðileg úrvinnsla

Frumbreytur rannsóknarinnar eru eftirfarandi: Óvissa um námsval í framhaldsskóla, hve oft nemendur höfðu íhugað að skipta úr starfsnámi í bóknám eða úr bóknámi í starfsnám, hvort nemendur voru á bóknámsbraut eða starfsnámsbraut í framhaldsskóla og meðalár- angur á samræmdum lokaprófum í íslensku og stærðfræði í 10. bekk auk bakgrunns- breytanna kyn, fæðingarár og menntun foreldra. Fylgibreytur eru þrjár, það er hegðunar- leg, tilfinningaleg og vitsmunaleg skuldbinding gagnvart námi og skóla. Við tölfræðilega úrvinnslu var notast við tölfræðiforritið SPSS, útgáfu 20. Notuð var leitandi þáttagreining, atriðagreining, fylgniútreikningar og fjölbreytuaðhvarfsgreining (e. *multiple regression*).

## Niðurstöður

Hér verða kynntar niðurstöður um tengsl óvissu um námsval við hegðunarlega, tilfinninga- lega og vitsmunalega skuldbindingu. Kynntar verða niðurstöður þáttagreiningar, fylgniú- reikninga og fjölbreytuaðhvarfsgreiningar.

Leitandi þáttagreining á 18 atriðum sem vísa til óvissu um námsval í framhaldsskóla og skuldbindingar gagnvart námi og skóla leiddi í ljós fjóra þætti með eigingildi hærra en einn. Niðurstöðurnar eru birtar í *Töflu 1*. Notuð var meginásagreining (e. *principal axis factoring*) og hornskakkur snúningur (e. *oblique rotation*). Gögnin henta til þáttagreiningar þar sem Bartlett-prófið var marktækt ( $p < 0,001$ ) og því er uppfyllt forsendan um fylgni á milli breyta. Stærð úrtaks er fullnægjandi þar sem Kaiser-Meyer-Olkin var 0,84 eða hærra en 0,5 (Field, 2013). Atriðin 18 hlóðu öll yfir 0,3 við eigin þátt, sem er algeng viðmiðunar- krafa fyrir þáttahleðslu (Einar Guðmundsson og Árni Kristjánsson, 2005) og voru þátta-



Óákveðni nemenda við námsval í framhaldsskóla og skuldbinding þeirra gagnvart námi og skóla

lega hrein, það er hlóðu aðeins á einn þátt. Samanlagt skýra þættirnir fjórir 43% af dreifingu atriðanna 18.

Niðurstöður atriðagreiningar leiddu í ljós viðunandi innri áreiðanleika fyrir þættina fjóra, það er  $\alpha=0,71$  fyrir óvissu um námsval í framhaldsskóla,  $\alpha=0,79$  fyrir neikvæða námshegðun,  $\alpha=0,72$  fyrir samsömun við skóla og  $\alpha=0,65$  fyrir metnað og framtíðarsýn. Auk

<b>Tafla 1 – Niðurstöður þáttagreiningar fyrir óvissu um námsval og hegðunar-, tilfinninga- og vitsmunalega skuldbindingu</b>				
	<b>Óvissa</b>	<b>Námshegðun</b>	<b>Sam-sömun</b>	<b>Metnaður</b>
<b>Óvissa um námsval í framhaldsskóla</b>				
Ég er sannfærð(ur) um að ég hef valið rétta námsbraut	0,74			
Ég hef velt því fyrir mér að skipta um námsbraut / deild	-0,68			
Ég er á þeirri námsbraut sem ég vildi helst vera á	0,68			
Mér finnst vanta námsbraut/deild sem hentar mér	-0,42			
Mér líkar vel námið sem ég er í nú	0,33			
<b>Neikvæð námshegðun</b>				
Ég fresta verkefnum fram á síðustu stundu		0,80		
Ég er illa undirbúin(n) fyrir kennslustundir		0,78		
Ég sinni heimanáminu jafn óðum		-0,71		
Ég kem of seint í kennslustundir		0,50		
Ég skrópa í kennslustundum		0,49		
<b>Samsömun við skóla</b>				
Ég er ánægð(ur) með skólann sem ég er í			0,74	
Það er góður andi í skólanum			0,73	
Mér líður vel þegar ég er í skólanum			0,71	
Ég er ánægð(ur) með kennarana mína			0,32	
<b>Metnaður og framtíðarsýn</b>				
Mér finnst mikilvægt að ljúka einhverju námi				0,70
Mér finnst líklegt að ég haldi áfram námi eftir framhaldsskóla				0,68
Mér finnst mikilvægt að fá háar einkunnir				0,45
Ef mér byðist gott starf í dag þá myndi ég hætta í framhaldsskóla				-0,45

Athugasemd við töflu: Þáttahleðslur undir 0,3 eru ekki birtar í töflunni.

Þess kom fram að ekkert atriðanna reyndist hafa fylgni við heildarkvarða undir 0,3 sem jafnframt bendir til að innri áreiðanleiki þáttanna sé ásættanlegur (Einar Guðmundsson og Árni Kristjánsson, 2005).

Innbyrðis fylgni kom fram á milli fylgibreytanna þriggja sem mæla skuldbindingu gagnvart námi og skóla eins og sjá má í *Töflu 2*. Því meiri sem neikvæð námshegðun nemenda var, því minna að jafnaði samsömuðu þeir sig skólanum og því minni var metnaður þeirra í námi og framtíðarsýn óljósari. Ennfremur má sjá að því meira sem nemendur samsömuðu sig skóla því meiri var metnaður þeirra og framtíðarsýn skýrari.

Tengsl komu fram á milli bakgrunns nemenda og fylgibreytanna. Samanborið við pílta sýndu stúlkur að jafnaði minni neikvæða námshegðun og höfðu meiri metnað og skýrari framtíðarsýn. Þá kom í ljós að eftir því sem nemendur voru eldri því neikvæðari var námshegðun þeirra og samsömun þeirra við skólann minni. Auk þess sýndu nemendur meiri metnað og höfðu skýrari framtíðarsýn því meiri menntun sem foreldrar þeirra höfðu.

Fylgni kom fram á milli fyrri námsárangurs og allra þriggja fylgibreytanna og var langsterkust á milli námsárangurs og metnaðar og framtíðarsýnar. Því hærri sem meðaleinkunn nemenda var á samræmdum prófum í 10. bekk því meiri var metnaður þeirra og því skýrari framtíðarsýn. Veik fylgni á milli námsárangurs og hinna tveggja skuldbindingabreytanna benti til þess að því hærri sem meðaleinkunn nemenda var því meiri var samsömun við skóla og því neikvæðari var námshegðun þeirra.

Hér verður greint frá niðurstöðum um tengsl námsvals og óákveðni um það við skuldbindingu nemenda. Fylgni kom einungis fram á milli námsbrautar og metnaðar og framtíðarsýnar af fylgibreytunum á þá leið að samanborið við nemendur í starfsnámi voru nemendur í bóknámi að jafnaði metnaðarfyllri og með skýrari framtíðarsýn. Fylgni kom fram á milli þess hve oft nemendur í bóknámi höfðu íhugað að skipta yfir í starfsnám og allra þriggja fylgibreytanna. Því oftari sem nemendur höfðu íhugað að skipta yfir í starfsnám því minni var skuldbinding þeirra gagnvart námi og skóla á öllum þremur mælikvörðunum. Jafnframt kom fram að því oftari sem nemendur í starfsnámi höfðu íhugað að skipta í bóknám því minni var metnaður þeirra og því óljósari framtíðarsýn. Veik fylgni við samsömun nemenda við skóla benti til minni samsömunar eftir því sem nemendur höfðu oftari íhugað að skipta í bóknám. Ennfremur má sjá að svipuð miðlungssterk fylgni kom fram á milli óvissu með námsval í framhaldsskóla og mælikvarðanna þriggja fyrir skuldbindingu gagnvart námi og skóla. Því óvissari sem nemendur voru með námsval sitt því neikvæðari var námshegðun þeirra, því minna samsömuðu þeir sig námi og skóla og því minni var metnaður þeirra og framtíðarsýn óljósari.

Eftirfarandi er umfjöllun um tengsl óákveðni um námsval við aðrar frumbreytur. Fyrir nemendur í bóknámi kom fram að stúlkur höfðu oftari en piltar íhugað að skipta yfir í starfsnám og að nemendur höfðu oftari íhugað skipti eftir því sem þeir voru eldri og því meiri menntun sem foreldrar þeirra höfðu. Fyrir nemendur í verknámi kom fram að piltar höfðu oftari íhugað að skipta yfir í bóknám og að nemendur höfðu oftari íhugað skipti eftir því sem þeir voru yngri, því minni menntun sem foreldrar þeirra höfðu og því lægri sem meðaleinkunn þeirra var á samræmdu prófum í 10. bekk. Fyrir óvissu um námsval í framhaldsskóla kom fram að nemendur voru óvissari eftir því sem þeir voru yngri, því minni menntun sem foreldrar þeirra höfðu, því lægri sem meðaleinkunn þeirra var í 10. bekk og að þeir sem voru í bóknámi voru að jafnaði óvissari en þeir sem voru í starfsnámi. Ennfremur kom fram að því oftari sem nemendur í bóknámi höfðu íhugað að skipta yfir í starfsnám og því oftari sem nemendur í starfsnámi höfðu íhugað að skipta yfir í bóknám, því óvissari voru þeir um námsvalið. Tengslin voru þó mun sterkari fyrir nemendur sem höfðu íhugað að skipta úr bóknámi í starfsnám.

Tafla 2 – Fylgni rannsóknarbreyta

1 til 5 ►	1	2	3	4	5
1. Neikvæð námshegðun	-				
2. Samsömun við skóla	-0,28***	-			
3. Metnaður og framtíðarsýn	-0,32***	0,30***	-		
4. Aldur	0,18***	-0,10***	0,03	-	
5. Kyn	-0,18***	0,01	0,25***	0,01	-
6. Menntun foreldra	0,02	0,05	0,15*	0,02	-0,06**
7. Fyrri námsárangur	-0,08**	0,09***	0,33***	0,01	0,11***
8. Námsbraut	-0,01	-0,01	0,24***	0,09***	0,22***
9. Íhugað skipti yfir í starfsnám	0,17***	-0,20***	-0,15***	0,06*	0,09***
10. Íhugað skipti yfir í bóknám	0,04	-0,07**	-0,21***	-0,06*	-0,14***
11. Óvissa um námsval	0,32***	-0,38***	-0,36***	-0,06*	-0,02
6 til 10 ►	6	7	8	9	10
6. Menntun foreldra	-				
7. Fyrri námsárangur	0,27***	-			
8. Námsbraut	0,13**	0,36***	-		
9. Íhugað skipti yfir í starfsnám	0,03	0,01	-	-	
10. Íhugað skipti yfir í bóknám	-0,14***	-0,25***	-	-	-
11. Óvissa um námsval	-0,05*	-0,11***	0,12***	0,44***	0,10***

Athugasemd við töflu: \*  $p < 0,05$  \*\*  $p < 0,01$  \*\*\*  $p < 0,001$ . Piltar eru með gildið 0 og stúlkur með gildið 1. Fyrir námsbraut í framhaldsskóla er starfsnám með gildið 0 og bóknám með gildið 1. Útreikningar á fylgni á milli menntunar og annarra breyta byggjast á raðfylgni ( $r_s$ ).

Fjölbreytuaðhvarfsgreining var notuð til að meta forspárgildi þess hvort nemendur höfðu íhugað að skipta yfir í starfsnám eða yfir í bóknám og óvissu nemenda um námsval í framhaldsskóla fyrir mælikvarðana þrjá á skuldbindingu nemenda, það er neikvæða námshegðun, samsömun við skóla og metnað og framtíðarsýn. Tekið var tillit til aldurs nemenda, kyns, menntunar foreldra, fyrri námsárangurs og hvort nemendur voru í bóknámi eða starfsnámi í framhaldsskóla. Niðurstöðurnar eru kynntar í Töflu 3.

*Neikvæð námshegðun.* Niðurstöður fjölbreytuaðhvarfsgreiningar sýndu að óvissa nemenda um námsval í framhaldsskóla og hvort nemendur í bóknámi höfðu íhugað að skipta í starfsnám spáði marktækt fyrir um neikvæða námshegðun, að teknu tilliti til bakgrunns nemenda, fyrri námsárangurs, námsbrautar í framhaldsskóla og þess hvort nemendur höfðu íhugað skipti yfir í bóknám, eins og sjá má í Töflu 3. Því óvissari sem nemendur voru um námsvalið því neikvæðari var námshegðun þeirra að jafnaði. Auk þess sýndu þeir nemendur að meðaltali meiri neikvæða hegðun sem höfðu íhugað að skipta í starfsnám samanborið við hina sem ekki höfðu íhugað að skipta um námsleið. Jafnframt kom fram að neikvæð námshegðun var meiri á meðal pilta en stúlkna og því eldri sem nemendur voru að teknu tilliti til annarra frumbreyta. Saman skýrðu frumbreyturnar 18% af heildarbreytileika neikvæðrar námshegðunar,  $F(9,1498)=36,7$ ,  $p<0,001$ .

*Samsömun við skóla.* Niðurstöður sýndu að óvissa um námsval í framhaldsskóla spáði marktækt fyrir um samsömun nemenda við skóla, eins og sjá má í Töflu 3. Því óvissari sem nemendur voru um námsval sitt því minni var samsömun þeirra við skóla að teknu tilliti til annarra rannsóknarbreyta. Jafnframt má sjá að því eldri sem nemendur voru því

minni var að jafnaði samsömun þeirra með skóla. Samanlögð skýring frumbreytanna fyrir dreifingu samsömunar við skóla var 17%,  $F(9,1495)=34,4$ ,  $p<0,001$ .

*Metnaður og framtíðarsýn.* Óvissa um námsval í framhaldsskóla og hvort nemendur höfðu íhugað að skipta annað hvort í starfsnám eða í bóknám spáði marktækt fyrir um metnað og framtíðarsýn þeirra, eins og sjá má í *Töflu 3*. Niðurstöður fjölbreytuaðhvarfsgreiningar sýndu að því óvissari sem nemendur voru um námsval sitt því minni var metnaður þeirra og því óljósari var framtíðarsýnin að teknu tilliti til bakgrunns og annarra rannsóknarbreyta. Jafnframt kom fram að samanborið við nemendur sem ekki höfðu íhugað að skipta um námsleið þá voru þeir sem höfðu íhugað að skipta í starfsnám að jafnaði með minni metnað og óljósari framtíðarsýn. Nemendur sem höfðu íhugað að skipta í bóknám voru aftur á móti með meiri metnað og skýrari framtíðarsýn en þeir sem ekki höfðu íhugað að skipta um námsleið. Þá kom fram að metnaður var meiri og framtíðarsýn skýrari meðal stúlkna en drengja og því hærri sem meðaleinkunn þeirra var á samræmdu prófi í 10. bekk. Það sama átti við um nemendur í bóknámi. Saman skýrðu frumbreyturnar 29% af breytileika metnaðar og framtíðarsýnar nemenda,  $F(9,1497)=66,5$ ,  $p<0,001$ .

<b>Tafla 3 – Niðurstöður fjölbreytuaðhvarfsgreiningar fyrir skuldbindingu nemenda</b>									
	Neikvæð námshegðun			Samsömun við skóla			Metnaður og framtíðarsýn		
	<i>B</i>	<i>SE B</i>	$\beta$	<i>B</i>	<i>SE B</i>	$\beta$	<i>B</i>	<i>SE B</i>	<i>B</i>
<b>Bakgrunnsbreytur</b>									
Kyn	-0,22	0,03	-0,16***	-0,003	0,03	-0,002	0,22	0,03	0,19***
Aldur	0,17	0,02	0,20***	-0,09	0,02	-0,12***	-0,02	0,02	-0,02
<b>Menntun foreldra</b>									
Háskóli vs grunnskóli	0,003	0,06	0,001	-0,04	0,05	-0,02	-0,06	0,05	-0,03
Háskóli vs framhaldsskóli	-0,05	0,04	-0,04	-0,02	0,03	-0,02	-0,05	0,03	-0,04
<b>Fyrri námsárangur</b>	-0,002	0,002	-0,02	0,002	0,002	0,03	0,02	0,002	0,20***
<b>Námsbraut</b>	-0,08	0,06	-0,04	0,03	0,05	0,02	0,35	0,04	0,22***
<b>Óákveðni</b>									
Íhugað skipti um námsleið									
Ekki íhugað skipti vs skipti í starfsnám	0,10	0,04	0,07***	-0,04	0,03	-0,03	-0,11	0,03	-0,09***
Ekki íhugað skipti vs skipti í bóknám	0,03	0,10	0,01	-0,09	0,09	-0,03	0,17	0,08	0,05*
Óvissa um námsval	1,55	0,12	0,32***	-1,63	0,11	-0,39***	-1,38	0,10	-0,33***
<b>R<sup>2</sup></b>		0,18***			0,17***			0,29***	

Athugasemd við töflu: \*  $p < 0,05$  \*\*\*  $p < 0,001$ . Piltar eru með gildið 0 og stúlkur með gildið 1. Fyrir námsbraut í framhaldsskóla er starfsnám með gildið 0 og bóknám með gildið 1. Í vísibreytum fyrir menntun er háskóli með gildið 0 og grunnskóli og framhaldsskóli með gildið 1. Í vísibreytum fyrir hvort nemendur höfðu íhugað að skipta um námsleið eru þeir sem ekki höfðu íhugað að skipta með gildið 0 og þeir sem höfðu íhugað að skipta í starfsnám eða í bóknám með gildið 1.

## Umræður

Tilgangur þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á tengsl óákveðni nemenda við námsval í framhaldsskóla og skuldbindingar þeirra gagnvart námi og skóla. Meginniðurstöður eru þær að því óákveðnari sem nemendur voru við námsval því minni var hegðunarleg, tilfinningaleg og vitsmunaleg skuldbinding þeirra gagnvart námi og skóla. Skortur á skuldbindingu nemenda birtist í neikvæðari námshegðun þeirra, minni samsömun við skóla, minni metnaði og óljósari framtíðarsýn. Þessi tengsl komu fram að teknu tilliti til bakgrunns nemenda (kyns, aldurs, menntunar foreldra), fyrri námsárangurs og hvort sem þeir voru í bóknámi eða starfsnámi.

Því óvissari sem nemendur voru um val á þeirri námsbraut sem þeir voru á (t.d. töldu að þeir væru ekki á réttri braut og að það vantaði braut sem hentaði þeim) því minni var skuldbinding þeirra á öllum þremur mælikvörðunum. Það kom fram í neikvæðari námshegðun nemenda, til dæmis því að vera illa undirbúinn fyrir kennslustundir, mæta of seint eða skrópa. Jafnframt sýndu nemendur minni samsömun við skólann, þeim leið ekki eins vel í skólanum, voru ekki eins ánægðir með andann í skólanum eða kennara sína samanborið við þá sem voru vissari um námsval sitt. Þar að auki kom fram minni metnaður og óljósari framtíðarsýn en hjá hinum. Óvissum nemendum fannst til dæmis ekki eins mikilvægt að ljúka námi og ekki líklegt að þeir héldu áfram námi eftir framhaldsskóla samanborið við nemendur sem voru vissir um námsval sitt. Þessar niðurstöður komu fram hvort sem piltar eða stúlkur áttu í hlut, fyrir alla aldurshópa, hver sem menntunarstaða foreldra var, hvernig sem nemendum gekk í námi í 10. bekk og hvort sem þeir voru í bóknámi eða starfsnámi.

Óákveðni við námsval var einnig metin með tilliti til þess hvort nemendur höfðu íhugað að skipta um námsleið, það er úr bóknámi í starfsnám eða öfugt. Þeir nemendur sem höfðu íhugað að skipta úr bóknámi í starfsnám sýndu að jafnaði neikvæðari námshegðun og voru með minni metnað og óljósari framtíðarsýn samanborið við þá sem ekki höfðu íhugað að skipta um námsleið. Jafnframt kom fram að samanborið við þá sem ekki höfðu íhugað að skipta um námsleið voru þeir nemendur sem höfðu íhugað að skipta úr starfsnámi í bóknám að jafnaði með meiri metnað og skýrari framtíðarsýn. Þessar niðurstöður koma fram að teknu tilliti til bakgrunns nemenda, fyrri námsárangurs og óvissu um námsval í framhaldsskóla. Niðurstöðurnar vekja upp spurningar um hvort nemendur skynji samfélagslegan þrýsting á að þeir ljúki stúdentsprófi af bóknámsbrautum.

Þó nokkur hópur íslenskra nemenda virðist velja námsbraut í framhaldsskóla gagnstætt áhugasviði sínu. Flestir velja bóknám í framhaldsskóla þrátt fyrir að um helmingi nemenda líki betur við verklegt nám í grunnskóla (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Svanhildur Svavarsdóttir, 2010). Einungis um fimmtungur nemenda 10. bekkjar árið 2011 stefndi á starfsnám að loknum grunnskóla (Álfgeir Logi Kristjánsson, Jón Sigfússon, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Hrefna Pálsdóttir, 2012). Því vakna upp spurningar um hvort bóknámsbrautir njóti meiri virðingar í samfélaginu en starfsnámsbrautir sem eigi þátt í að margir nemendur sem líkar betur við verklegt nám í grunnskóla villist af leið við val á námi í framhaldsskóla sem leiði til óvissu þeirra um námsval sitt. Í þessari rannsókn voru nemendur á bóknámsbrautum óvissari um námsval sitt en nemendur á starfsnámsbrautum. Þær niðurstöður eru í samræmi við rannsókn Örnú Bjarkar Birgisdóttur og félaga (1995) meðal háskólanema þar sem fram kom að nemendur sem stunduðu nám sem ekki leiðir beint til ákveðinna starfa voru óákveðnari við námsval sitt en nemendur sem stunduðu nám sem leiðir til starfa. Draga má þær ályktanir að samanborið við nemendur á bóknámsbrautum hafi nemendur á starfsnámsbrautum frekar ígrundað námsval sitt með tilliti til framtíðarmarkmiða í starfi og séu því vissari um valið.

Niðurstöður okkar leiddu enn fremur í ljós að samanborið við stúlkur sýndu piltar að jafnaði neikvæðari námshegðun og höfðu minni metnað og óljósari framtíðarsýn. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri rannsóknir (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2012; Wang og Eccles, 2012) og hefur minni skuldbinding pilta en stúlkna verið ein af meginskýringum sem gefnar hafa verið fyrir meira brotthvarfi pilta frá námi (Jackson, 2002). Jafnframt kom fram að því eldri sem nemendur voru því neikvæðari var námshegðun þeirra og samsömun við skólann minni. Auk þess kom fram að því lægri sem einkunnir ungmennanna voru á samræmdum prófum í 10. bekk því minni var metnaður þeirra og óljósari framtíðarsýn í framhaldsskóla. Fyrri rannsóknir sýna að skuldbinding ungmenna virðist dvína með aldri (t.d. Wang og Eccles, 2012) og að skuldbinding tengist námsárangri nemenda (Fredricks o.fl., 2004; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002).

Niðurstöður þessarar rannsóknar um tengsl óákveðni við námsval og skuldbindingar eru mikilvægar í ljósi þess að skuldbinding nemenda virðist skipta miklu um námsgengi þeirra og námsframvindu. Í helstu kenningum um brotthvarf er því lýst sem ferli þar sem nemandinn verður smám saman afhuga náminu og skólanum. Niðurstöður benda til að eftir því sem skuldbinding nemenda minnkar því meiri hættu er á að þeir hverfi frá námi, jafnvel þeir nemendur sem eru sterkir námslega (Alexander o.fl., 2001; Finn, 1993; Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2012; Rumberger, 1995). Áhersla er lögð á að styrkja skuldbindingu nemenda gagnvart námi og skóla í forvörnum gegn brotthvarfi og í starfi með brotthvarfsnemum (Christenson og Reschly, 2010; Dynarski o.fl., 2008).

Rannsakendur hafa beint sjónum að því hvaða þættir í umhverfi nemenda geti ýtt undir eða dregið úr skuldbindingu nemenda í fjölskyldu þeirra og skólaumhverfi (Rumberger og Lim, 2008; Wang og Eccles, 2012). Aftur á móti virðist vanta rannsóknir á tengslum á milli óákveðni við námsval og skuldbindingar nemenda: Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til mikilvægis þess að styðja nemendur í grunnskóla við að taka ígrundaðar ákvarðanir um námsval í framhaldsskóla fyrir skuldbindingu þeirra. Þetta er í samræmi við rannsóknir sem benda til þess að nemendur sem hafa skýr markmið með námi séu líklegri til þess að sjá tilgang með náminu. Þannig sjái nemendur frekar tengsl milli náms og framtíðarstarfa eða áframhaldandi náms og séu því líklegri til þess að hafa jákvæðara viðhorf gagnvart því og skólanum (Fredricks o.fl., 2004; Ryan og Deci, 2000; Scheel og Gonzalez, 2007; Tinto, 1993).

Niðurstöður okkar benda til mikilvægis náms- og starfsfræðslu ekki hvað síst á mótunarárum ungmenna þegar þau standa frammi fyrir mikilvægum ákvörðunum um námsferil sinn. Eitt meginmarkmið náms- og starfsráðgjafar og náms- og starfsfræðslu er að styðja nemendur til að taka upplýstar og ígrundaðar ákvarðanir um nám og störf (Gerður G. Óskarsdóttir, 1990, 2000; menntamálaráðuneytið, 2007; Sharf, 2010). Rannsóknir Guðbjargar Vilhjálmsdóttur (2000, 2007, 2010) benda til þess að náms- og starfsfræðsla geti ýtti undir ákvörðunartökuhæfni nemenda þegar kemur að því að velja nám á framhaldsskólastigi. Jafnframt benda niðurstöður Guðbjargar Vilhjálmsdóttur (2010) til þess að með því að ýta undir skipulagða hugsun ungmenna um störf megi draga úr líkum á að þeir hverfi frá námi.

Vonast er til að niðurstöður rannsóknarinnar nýtist náms- og starfsráðgjöfum, kennurum, foreldrum og öllum þeim sem koma að námi og uppeldi barna og ungmenna. Þannig benda niðurstöður okkar til þess að með því að undirbúa nemendur í grunnskóla vel undir ákvarðanir um val á námi í framhaldsskóla megi ýta undir skuldbindingu þeirra gagnvart námi og skóla og þar með draga úr líkum á að þeir hætti í framhaldsskóla án þess að ljúka námi.

## Heimildir

Alexander, K. L., Entwisle, D. R. og Kabbani, N. S. (2001). The dropout process in life course perspective: Early risk factors at home and school. *Teachers College Record*, 103(5), 760–822.

Alþingi. (2008). *Skýrsla nefndar um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum sem úrræðis gegn brottfalli nemenda*. Reykjavík: Alþingi. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/136/s/pdf/0353.pdf>

Anna Ósk Ómarsdóttir. (2011). *Óákveðni við náms- og starfsval (The career Indecision Profile): Þróun listans fyrir framhalds- og háskólanemendur á Íslandi* (óútgefin meistara-ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Arna Björk Birgisdóttir, Ragnhildur Skjaldardóttir og Rannveig Óladóttir. (1995). *Óákveðni í náms- og starfsvali: Þýðing og forprófun á Career Factors Inventory* (óútgafið lokaverkefni). Háskóli Íslands: Reykjavík.

Appleton, J. J., Christenson, S. L., og Furlong, M. J. (2008). Student engagement with school. Critical conceptual and methodological issues of the construct. *Psychology in the Schools*, 45, 369–386.

Álfgeir Logi Kristjánsson, Jón Sigfússon, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Hrefna Pálsdóttir. (2012). *Ungt fólk 2012: Menntun, menning, íþróttir, tómstundir, hagir og líðan nemenda í 8., 9., og 10. bekk grunnskóla*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.

Brown, S. D. og Rector, C. C. (2008). Conceptualizing and diagnosing problems in career decision making. Í S. D. Brown og R. W. Lent (ritstjórar), *Handbook of counseling* (bls. 392–407). Hoboken: Wiley.

Christenson, S. L. og Reschly, A. L. (2010). Check and connect. Enhancing school completion through student engagement. Í B. Doll, W. Pfohl, og J. Yoon (ritstjórar), *Handbook of youth prevention science* (bls. 327–348). New York: Routledge.

European Commission DG EAC (2005). *Study on access to education and training, basic skills and early school leavers (Ref. DG EAC 38/04). Lot 3: Early School Leavers. Final Report*.

Dynarski, M., Clarke, L., Cobb, B., Finn, J., Rumberger, R. og Smink, J. (2008). *Dropout prevention: A practice guide* (NCEE 2008–4025). Washington: Institute of Education Sciences, U.S. Department of Education. Sótt af <http://ies.ed.gov/ncee/wwc>

Einar Guðmundsson og Árni Kristjánsson. (2005). *Gagnavinnsla í SPSS*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Eccles, J. S., Wigfield, A., Midgley, C., Reuman, D., Mac Iver, D. og Feldlaufer, H. (1993). Negative effects of traditional middle schools on students' motivation. *The Elementary School Journal*, 93(5), 553–574.

Field, A. (2013). *Discovering statistics using IBM SPSS statistics* (4. útgáfa). London: Sage.

Finn, J. D. (1989). Withdrawing from school. *Review of Educational Research*, 59(2), 117–142.

Finn, J. D. (1993). *School engagement and students at risk*. Washington: National Center for Education statistics.

Finn, J. D. og Rock, D. A. (1997). Academic success among students at risk for school failure. *Journal of Applied Psychology*, 82(2), 221–234.

Foley, P. F., Kelly, M. E. og Hartman, B. W. (2006). Career indecision. Í J. H. Greenhaus og G. A. Callanan (ritstjórar), *Encyclopedia of career development* (bls. 110–116). Thousand Oaks: SAGE.

Forsætisráðuneytið. (2012). *Allir stundi nám og vinnu við sitt hæfi: Tillögur um samþættingu menntunar og atvinnu*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið.

Fredricks, J. A., Blumenfeld, P. C. og Paris, A. H. (2004). School engagement: Potential of the concept, state of the evidence. *Review of Educational Research*, 74, 59–109.

Gerður G. Óskarsdóttir. (1990). *Námsráðgjöf og starfsfræðsla í fimm nágrannalöndum og samanburður við Ísland*. Viðaukar um tvö lönd eftir Guðbjörgu Vilhjálmsdóttur og Harald Finnsson. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Gerður G. Óskarsdóttir. (2000). *Frá skóla til atvinnulífs: Rannsóknir á tengslum menntunar og starfs*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Gerður G. Óskarsdóttir. (2012). *Skil skólastiga: Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir. (2000). Skilar náms- og starfsfræðsla árangri? Árangursmat á náms- og starfsfræðslu í 10. bekk í grunnskóla. *Uppeldi og menntun, Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 9, 37–55.

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir. (2007). Outcomes of two different methods in career education. *Journal of Educational and Vocational Guidance*, 7, 97–110.

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir. (2010). Occupational thinking and its relation to school dropout. *Journal of Career Development*, 1, 1–15.

Gottfredson, L. (2005). Applying Gottfredson's theory of circumscription and compromise in career guidance and counseling. Í S. D. Brown og R. W. Lent (ritstjórar), *Career development and counseling: Putting theory and research to work* (bls. 71–100). Hoboken: Wiley.

Hagstofa Íslands. (2008). Nemendur og námslok við 24 ára aldur. Frétt nr. 99/2008. Sótt af <http://www.hagstofa.is/?PageID=95&NewsID=3495>

Hagstofa Íslands. (2012a). Færri ljúka framhaldsskólastigi á réttum tíma á Íslandi en í flestum OECD-löndum. Frétt nr. 67/2012. Sótt af <http://www.hagstofa.is/?PageID=95&NewsID=9038>

Hagstofa Íslands. (2012b). Fleiri 18 og 19 ára nemendur sækja skóla haustið 2011 en fyrri ár. Frétt nr. 76/12. Sótt af <http://www.hagstofa.is/?PageID=95&NewsID=8652>

Hagstofa Íslands. (e.d.-a). Skólasókn á framhaldsskólastigi eftir kyni, aldri og landsvæðum 1999–2011. Sótt af <http://hagstofa.is/Hagtalur/Skolamal/Framhaldsskolar>

Hagstofa Íslands. (e.d.-b). Námsleiðir og námsgreinar 1997-2011. Sótt af <http://hagstofa.is/pages/1881>



- Jackson, C. (2002). 'Laddishness' as a self-worth protection strategy. *Gender and Education*, 14, 37–51.
- Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. (1992). *Námsferill í framhaldsskóla*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn. Rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Kelly, K. R. og Lee, W-C. (2002). Mapping the domain of career decision problems. *Journal of Vocational Behaviour*, 61, 302–326.
- Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson. (2003). Brottfall úr framhaldsskóla. Afstaða til skóla, stuðningur foreldra og bakgrunnur nemenda. Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum IV* (bls. 669–678). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Anne-Christine Tannahäuser. (2011). Drop-out in a small society: Is the Icelandic case somehow different? Í S. Lamb, E. Markussen, R. Teese, N. Sandberg og J. Polesel (ritstjórar), *School dropout and completion. International comparative studies in theory and policy* (bls. 233–251). London: Springer.
- Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2012). Student disengagement in relation to expected and unexpected pathways. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 56, 85–100.
- Krumboltz, J. D. (1998). Debate: Counsellor actions needed for the new career perspective. *British Journal of Guidance and Counseling*, 26(4), 559–564.
- Menntamálaráðuneytið. (1998). *Efling náms- og starfsráðgjafar: Nefndarálit*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. (2007). *Náms- og starfsráðgjöf: Skýrsla starfshóps*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt af <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=673CAD821D6A54FF002576F00058DC42&action=openDocument>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2012). *Samantekt úr OECD Education at a glance 2012*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt af [http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/EducationAtAGlance2012\\_samantekt-MMR.pdf](http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/EducationAtAGlance2012_samantekt-MMR.pdf)
- OECD. (2001). *Transition from initial education to working life*. París: OECD.
- OECD. (2004). *Career guidance and public policy: Bridging the gap*. París: OECD.
- OECD. (2012). *Education at a glance 2012: OECD indicators*. doi:10.1787/19991487
- Owens J. (2004). *A review of the social and non-market returns to education*. Cardiff: Education and Learning Wales.
- Rumberger, R. W. (1995). Dropping out of middle school: A multilevel analysis of students and schools. *American Educational Research Journal*, 32(3), 583–625.
- Rumberger, R. W. (2001). *Why students drop out of school and what can be done*. Santa Barbara: University of California.

- Rumberger, R. W. og Lim, S. A. (2008). *Why students drop out of school: A review of 25 years of research*. California dropout research project. Sótt af <http://www.slocounty.ca.gov/Assets/CSN/PDF/Flyer+-+Why+students+drop+out.pdf>
- Ryan, R. M. og Deci, E. L. (2000). Self-determination theory and facilitation of intrinsic motivation, social development, and well-being. *American Psychologist*, 55, 68–78.
- Scheel, M. J. og Gonzalez, J. (2007). An investigation of a model of academic motivation for school counseling. *Professional School Counseling*, 11(1), 49–56.
- Sharf, R. S. (2010). *Applying career development theory to counseling* (5. útgáfa). Belmont: Brooks/Cole.
- Super, D. E. (1957). *The psychology of careers*. New York: Harper and Row.
- Super, D. E. (1980). A life-span, life-space approach to career development. *Journal of Vocational Behaviour*, 16, 282–298.
- Svanhildur Svavarsdóttir. (2010). *Á hverju byggja 10. bekkingar val sitt á framhaldsskólunámi? Skólaheimsóknir og önnur upplýsingaöflun 10. bekkinga um framhaldsskóla og námsbrautir* (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Tinto, V. (1993). *Leaving college: Rethinking the causes and cures of student attrition* (2. útgáfa). Chicago: The University of Chicago Press.
- Wang, M. T. og Eccles, J. S. (2012). Social support matters: Longitudinal effects of social support on three dimensions of school engagement from middle to high school. *Child Development*, 83, 877–895.
- Willms, J. D. (2003). *Student engagement at school: A sense of belonging and participation*. Paris: OECD.
- Þingskjal nr. 42/2006–2007. Tillaga til þingsályktunar um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum.

## Þakkir

Ungmennin og kennarar sem tóku þátt í rannsókninni *Námsframvinda nemenda og skilvirkni framhaldsskóla* fá sérstakar þakkir. Skólastjórnendum framhaldsskólanna eru einnig færðar bestu þakkir fyrir þann skilning sem þeir sýndu rannsókninni. Mennta- og menningarmáladeild Hagstofu Íslands og Námsmatsstofnun fá jafnframt þakkir fyrir mjög gott samstarf. Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Rannís og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands er þakkaður sá mikilvægi stuðningur sem þessir aðilar veittu rannsókninni.

## Um höfunda

Kristjana Stella Blöndal (kb@hi.is) er lektor við námsbraut í náms- og starfsráðgjöf í Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Hún lauk meistaraprófi í uppeldis- og menntunarfræðum frá Háskóla Íslands og stundar nú doktorsnám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún hefur um árabíl stundað rannsóknir á námsferli og námsgengi ungmenna, brotthvarfi þeirra frá námi og skilvirkni framhaldsskóla og verið virkur þátttakandi í alþjóðlegum rannsóknum á þessu sviði.

Bjarney Sif Ægisdóttir (bjarney@fsu.is) er náms- og starfsráðgjafi við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Bjarney lauk BA-prófi í uppeldis- og menntunarfræði frá Háskóla Íslands 2008 og meistaraþrófi í náms- og starfsráðgjöf frá sama skóla 2013. Rannsóknarsvið hennar er aðallega tengt brotthvarfi úr námi og námsvali nemenda.

### Efnisorð

*skuldbinding gagnvart námi og skóla – óákveðni við námsval – óvissa um námsval – náms- og starfsráðgjöf – framhaldsskóli*

### About the authors

Kristjana Stella Blöndal (kb@hi.is) is an assistant professor in a MA programme in Career Counselling and Guidance, University of Iceland. She completed a MA degree in educational research from the University of Iceland and is currently a PhD student at School of Education, University of Iceland. Her research is mainly in the area of upper secondary education with focus on student progress, school dropout and school effectiveness. Kristjana has actively participated in international research in the field of upper secondary education.

Bjarney Sif Ægisdóttir (bjarney@fsu.is) is an educational and vocational counselor at Fjölbrautaskóli Suðurlands (upper-secondary school). She completed a BA degree in education 2008 from the University of Iceland and a MA degree in career counseling and guidance from the same university in 2013. Her major research interests are in the areas of career decision and school dropout.

### Key words

*student engagement – career indecision – career uncertainty – career counseling – upper secondary school*



Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir. (2013). Óákveðni nemenda við námsval í framhaldsskóla og skuldbinding þeirra gagnvart námi og skóla. *Netla – Vefritmarit um uppeldi og menntun: Sérít 2013 – Rannsóknir og skólalastar*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir\\_og\\_skolastarf/005.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir_og_skolastarf/005.pdf)